

**Ed.**

**210. Nefndarátt**

um frv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er samið af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og flutt á Alþingi eftir ósk hennar.

Ástæðan til þess, að það er borið fram, er aðallega sú, að svo miklar breytingar eru orðnar á bæjarstjórnarlögunum upphaflegu, nr. 75 frá 22. nóv.

1907, bæði beint vegna breytinga og viðauka við þau lög og óbeint vegna kosningalaganna og laganna nm útsvör frá árinu 1926, sem gilda fyrir land alt, að þörf var efnisbreytinga á lögnum frá 1907, sjerstaklega um reikningshald, endurskoðun og skipun nýrra nefnda.

Eftir heimild í lögum nr. 13 frá 22. okt. 1912 og lögum nr. 14 frá 7. maí 1928 keypti Hafnarfjarðarkaupstaður land af Garðakirkju, og eru takmörk kaupstaðarsvæðisins í 1. gr. frv. þessa því önnur en í 1. gr. laganna frá 1907.

Úr 18. gr. frv., sem svarar til 28. gr. laganna frá 1907, hefir orðinu »atvinnuvegi« verið slept á eftir orðinu »skepnuhaldi«. Þykir nefndinni, sjerstaklega með hliðsjón af lögum nr. 57 frá 7. maí 1928, um atvinnuleysisskýrslur, rjett, að þessu orði verði bætt inn í frv.greinina.

Þá hefir úr frv. verið slept 29. gr. laganna frá 1907, um eftirlit af ríkisstjórnarinnar hálfu með stjórn kaupstaðarins, en þar sem samsvarandi fyrirmæli gilda um alla hina kaupstaðina og öll sýslufjelög landsins, leggur nefndin til, að greinin verði tekin upp í frv. á eftir 18. gr. þess.

Annað en það, sem nú er talið, hefir nefndin ekki fundið að athuga við frv., sem hún hefir borið saman við gildandi lög um sama efni, og leyfir hún sjer því að ráða háttv. deild til þess að samþykkja það með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Á eftir orðinu »skepnuhaldi« í 18. gr. frv. komi: atvinnuvegi.
2. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlinis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slik lán eða fresta borgunartímanum.

Greinatalan breytist eftir þessn.

Alþingi, 25. mars 1929.

Jón Baldvinsson,  
form.

Ingvar Pálmason,  
fundaskrifari.

Jóh. Jóhannesson,  
frsm.